
Á SKÍÐI



BARNAPAKKI
Skíði, bindingar, skór og stafir
Verð kr. 14.000,-
Stgr. tilboð kr. 11.900,-

UNGLINGAPAKKI
Skíði, bindingar, skór og stafir
Verð kr. 18.630,-
Stgr. tilboð kr. 15.840,-

FULLORÐINSPAKKI
Skíði, bindingar, skór og stafir.
Verð kr. 22.860,-
Stgr. tilboð kr. 19.450,-

GÖNGUSKÍÐAPAKKI
Skíði, bindingar, skór og stafir
Verð kr. 13.475,-
Stgr. tilboð kr. 11.450,-

VISA EUROCARD
Raðgreiðslur
Póstsendum samdægurs

SKÁTABÚÐIN
-SKARAR FRAMÚR
SNORRABRAUT 60 — SÍMI 12045

VIBRATORAR fyrir steinsteypu.
STOW
Á undan tímanum í 100 ár.
Léttir meðfærilegir viðhaldslitlir.
Ávallt fyrirliggjandi.
Góð varahlutaþjónusta.
bbco Þ. ÞORGRÍMSSON & CO Ármúla 29, sími 38640
FYRIRLIGGJANDI: GÓLFSLÍPIVÉLAR - RIPPER ÞÖPPUR - BELTI
STEYPUSAGIR - HRÆRIVÉLAR - SAGARBLÖÐ ~ Vönduð framleiðsla.

Hvað er
Armaflex®
Það er heimsviðurkennd
pípueinangrun í hólkum,
plötum og límrúllum frá
Armstrong
bbco Ávallt til á lager.
Þ. ÞORGRÍMSSON & CO
Ármúla 29 – Múlatorgi – Sími 38640

Sættir og missættir

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Leirlistakonan *Guðný Magnúsdóttir* hefur víða komið við í myndlistinni um dagana.

Hún byrjaði á leirlistinni og vinnur ennþá í það efni, en hefur snúið viðteknum formerkjum við og söðlað úr almennri brúkslist í róttæka núlist.

Þetta ferli er orðið algengt nú til dags og er næstum því orðið að viðtekinni reglu í sumum skólum og þróuninni jafnvel haldið að nemendum, en þeir hljóta einnig að finnast, sem halda fast í hugtakið brúkslist og leyfa nemendum lítil frávik. Hin nýju viðhorf kunna að vísu að teljast frelsi, en um leið er það ófrelsi við viðteknar hefðir um hugtakið hagnýt myndlist og heyrir sennilega undir annan kennsluþátt í myndlistarskóla, t.d. rými og mótun.

Guðný hefur og ekki einungis söðlað yfir í hrein form heldur eru verk hennar einnig „installasjónir“ sem er staðsetja verkin í tilfallandi rými, þannig að rýmið sjálft verði virkur þáttur í hinni endanlegu útfærslu.

Listrýnirinn er síst af öllu mótfallinn því, að einstaklingar þróist úr einni listgrein í aðra, enda um náttúrulögmál að ræða, en þegar þetta er orðið að fjöldahreyfingu, þá kemur það vafalítið eðlilegri þróun minna við en hinu að vera með.

Sumir listrýnar og fræðingar hafa tekið eindregna afstöðu gegn þessari þróun og nefna þetta að laumast bakdyramegin að frjálsum skapandi listum.

Hér skal þó ekki tekin afstaða, enda væri það langt mál og ekki rétt, er um einstakt tilfelli er að ræða, en það er vissulega til umhugsunar, er stórar samsýningar á veflist og leirlist eru orðnar að eins konar málverka- og skúlptúrsýningum, en minnst ber á vefnum og brúkslistinni.

Sjálfur er ég mikill aðdáandi veflistar og leirlistar í sínu hefðbundna formi, og ýmsar sýningar á undanförnum árum sannfæra mann um, að listformin eru ekki dauð sem slík, heldur endurnýjast í sífellu.

Það skal koma fram, að þótt formin í myndum Guðnýjar séu hvorki ýkja frumleg né komi á óvart sem slík, þá gengur hún til verks af mikilli vinnugleði og sannfæringarhita, og það gæti borið vott um, að þetta sé hennar svið framar öðru.

Og það er með sanni heilmikil hugsun á bak við þessi einföldu, áferðarfallegu og vel gerðu verk, sem eru allt í senn gólfverk, verk, sem sett eru á þartilgerða stalla, og veggverk.

Mikið fer nú í vöxt, að myndlistarmenn fari með hugmyndir sínar til steinsmiða og láti þá sníða grjót og klappir niður og slípa síðan eftir öllum kúnstarinnar reglum og oft kemur hendi þeirra hvergi nærri. Guðný lætur sér hins vegar nægja að láta þá gera undirstöðuna að verkum sínum og við hæfi hverju sinni.

Kannski er hin höggmyndræna skírskotun ekki nægilega beinskeytt í þessum verkum og er eins og ennþá lumi sitthvað af leirlistamanninum upprunalega í gerandanum.

Hið hreint formræna sýnist mér í öllu falli vera styrkur Guðnýjar Magnúsdóttur sem listakonu eins og kemur fram í tveim verkum utan skrár „Fjara I og II“, sem eru formrænt séð hrein og bein, höfða til skoðandans og hrífa sem slík.

Má vera að næsta skrefið á ferli Guðnýjar sé að vinna einnig í önnur efni en leir og víkka þar með hinn efnislega sjónhring.



Morgunblaðið/Árni Sæberg
Guðný Magnúsdóttir leirlistakona.



BLENDINGUR

Það er alls ekki óþekkt fyrirbæri í myndlistinni að tveir eða fleiri taki sig saman við gerð myndverka hvort tveggja á skipulegan hátt eða frjálst og óbundið.

Þessa leið hafa þau *Bjarni Ragnar* og *Ulla Hosford* valið í myndum sínum, sem þau kynna þessa dagana í Ásmundarsal. Þar sýna þau tæplega fimmtíu myndir af ýmsum stærðum, sem eru samvinnuverk, og þótt margar þeirra séu smáar, verður að segja, að þar sé þröngt setinn bekkurinn.

Þetta eru ýmsar hugleiðingar um lífið og listina færðar í myndrænan búning, sem kemur svo fyrir sjónir að sé nokkuð ómótaður. Einstaka myndir og þá einkum þær minni t.d. „Fútúrísk andlit“ 21-23 svo og „Á hjólum“ 40-41, sem eru eins konar súrrealískar hugleiðingar um andlit á hjólum, skera sig úr fyrir heillega og hnitmiðaða útfærslu, en annars ber of mikið á árekstrum og togstreitu í mörgum myndanna og þar virðist þessi samvinna ekki hafa gengið upp. Það er algjör misskilningur að bendla þessar myndir við fútúrisma, því að myndhugsunin og útfærslan er önnur, þótt einhver ytri tákn kunni að vera skyld.

Hér saknar maður þess, að gerendurnir skyldu ekki vinna markvissara að þeim hlutum, sem verður ótvírætt að telja styrk þeirra, í stað þess að eins og ana áfram, og þó að þessi vinnubrögð séu vísast að vissu marki í anda nýja málverksins, eru þau naumast nógu afgerandi í nær óheftu tilfinningaflæði sínu. Það er líkast sem þær vegi salt á milli hugmyndafræðilegra heilabrota og skynrænnar útrásar, og að eitthvað gangi hér ekki upp, hér séu á ferð of margir árekstrar ólíkra skapgerða og myndhugsunar.

Í hinum ýmsu myndum bregður fyrir listrænni kennd, og einhvern veginn kemur það mér svo fyrir sjónir, að þar sé frekar falinn vettvangur Bjarna Ragnars og Ullu Hosford en að setja saman ósamstæð form.

Myndirnar á veggjunum eins og kalla á stefnufestu og hnitmiðun í vinnubrögðum, því að það er líkast því sem horfið sé frá einu hálfgerðu verki í annað.

Á hvítum og svörtum grunni

Fyrir tveimur árum hélt Guðrún Einarsdóttir litla sýningu er athygli vakti í Hafnargallerii, sem var listhús ungu kynslóðarinnar meðan það var og hét. Þá sýndi hún nokkrar einfaldar myndir sem hún hafði m.a. unnið og fullgert í frjálsum tímum í MHÍ, og þá þegar komu fram sérstök persónueinkenni hreinleika og ögunar.

Nú er hún komin aftur og þá með heila sýningu í listhúsinu Nýhöfn og verður það að teljast frumraun hennar sem listamanns á mótunarskeiði. Verkin eru öll unnin með olíu á striga á síðastliðnu ári og eru af ýmsum stærðum, en nokkur skera sig úr fyrir stærð sína þótt hér séu ekki á ferð neinar yfirstærðir dagsins enn sem komið er.

Sem fyrr er það einfaldleikinn sem ræður ferðinni og listrænn agi og það verður að segjast hreint út, að Guðrún er fullkomlega laus við alla tilhneigingu til fegrunar myndflatarins. Myndirnar eru annað hvort alveg svartar eða alveg hvítar en sumstaðar gárast myndflöturinn og einstök ókennd form rísa eða hníga. Á einum stað (mynd nr. 2) er því líkast sem að bátur eða skip líði um sjónrönd ofarlega á miðjum fletinum, en í beinni línu beggja vegna til hliðanna sér í ávala ójöfnu líkasta hálfu dufli. Þessi mynd er í heild sinni afskaplega hrein og tær og maður skynjar að baki hennar mikil heilabrot. En á öðrum stað (mynd nr. 9) er heilmikið að gerast eða kannski réttara sagt gerjast á kolsvörtum fleti og ofarlega sér í sjónrönd og fyrir miðju er líkast því sem sól sé að rísa úr öskustó, efnismikilli biksvartri kviku.

Að mínu mati rís sýningin hæst í þessari mynd, því í henni er svo mikil skírskotun jafnframt því að hér birtast svo mikil lífsmögn, þótt að hún beri umbrotin ekki utan á sér.

Öll sýningin virkar sem ögrun við hin almennu viðhorf sem nú ríkja um málverkið og sem slík er hún mikil hvíld frá þeim létta leik og hamagangi sem svo margir iðka í nafni nýja málverksins.

Guðrún hefur komið auga á fegurð myndflatarins og hvernig hægt er að magna hann upp með hinum einföldustu aðferðum og öll ber sýningin vitni um leitandi listamannssál.



Guðrún Einarsdóttir

Aðferðin er ekki ný og hinir ýmsu málarar hafa iðkað þennan leik meinlætis og takmörkunar einhvern tíman á ferli sínum og undantekningarlaust haft gott af. Farið betur með litinn, er þeir hófu að nota hann aftur og haft mun meiri tilfinningu fyrir örfínum en áhrifaríkum blæbrigðum og tónstigum svo og hverjum lit fyrir sig.

Alveg mætti giska á að Guðrún hafi orðið fyrir áhrifum af hinum harða vetri í upphafi og framan af síðasta ári og hinum mikla tærleika í himni, hafi og hauðri. Hef ég sjaldan orðið vitni að jafn miklum tærleika, ljósum og hvítum blæbrigðum og beið þess eiginlega að áhrifin birtust í verkum íslenzkra málara, en hef hingað til mátt bíða árangurslaust. Þegar málari vinnur í hvítt, vinnur hann iðulega einnig í andstæðuna sem er svart. Andstæðan er nauðsynlegur póll til fróunar myndrænum kenndum og hér eru sömu lögmál á ferð og í list barna og þegar þroskaður málari vinnur t.d. í grænu þá kallar liturinn á andstæðu sína sem er rautt og saman milda litirnir hvor annan, en áhrifin þar á milli og við þennan samruna er efniskennt grátt.

Í heild er þetta falleg sýning er ber vott um listræna dirfsku og ekki aðeins hjá listakonunni heldur og einnig forráðamönnum listhússins og megi hugrekkið í báðum tilvikum bera ríkulegan ávöxt.